

REGLUR

um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi kirkjugarða Keflavíkur.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglur þessar taka til allra minnismerkja í skilningi laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sbr. einnig 3. gr. þessara reglna, og skulu hafa gildi innan umdæmis kirkjugarða Keflavíkur.

Stjórn kirkjugarða Keflavíkur fer með framkvæmd þessara reglna. Stjórnin má fela umsjónarmanni kirkjugarðanna framkvæmd einstakra þátta.

2. gr.

Markmið reglnanna er að tryggja að legsteinar séu settir niður á grafreitum með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglur þessar stærðar- og umfangsmörk minnismerkja á grafreitum.

Ekki má setja girðingar úr steini, málni, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreitum. Þá er ekki heimilt að reisa grafhýsi.

3. gr.

Í reglum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Minnismerki: Samheiti fyrir legsteina, krossa o.fl., sem reist eru á grafreitum.

Legsteinn: Minnismerki úr steini sem ber nafn eða nöfn þeirra er hvíla í grafreit og grafskrift.

Púltsteinn: Ferkantaður legsteinn sem liggur láréttur á jörðu og með skáhallandi leturfleti með nöfnum og grafskrift.

Náttúrusteinn: Legsteinn eða púltsteinn sem ekki hefur verið slípaður.

Platti: Niðurgrafin undirstaða legsteins úr járnbennti steinsteypu.

Undirsteinn: Undirstaða eða sökkull legsteins, oft úr sama efni og legsteinninn sjálfur og er lögð í jarðvegssyfirborð eða ofan á platta.

Grafreit: Samheiti fyrir kistugrafstæði og duftgrafstæði.

Kistugrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar látins einstaklings eða látinna einstaklinga.

Duftgrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar á duftkerjum með ösku látins einstaklings eða látinna einstaklinga að lokinni líkbrennslu.

4. gr.

Þeir aðstandendur sem hyggjast setja minnismerki á grafreit skulu tilkynna það umsjónarmanni og jafnframt leggja fram skriflega lýsingu á stærð og gerð minnismerkis og fá skriflegt leyfi fyrir uppsetningu. Einnig geta aðstandendur falið framleiðendum eða sölumönnum minnismerkja uppsetninguna og þurfa þeir þá einnig að leggja fram skriflega lýsingu og fá skriflegt leyfi fyrir uppsetningu. Minnismerkin og uppsetning þeirra er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Minnismerki úr plasti eru ekki leyfileg. Leyfilegt er að setja upp bráðabirgðamerkingar á grafir, s.s. trékrossa á kistugrafir eða svonefnd púlt úr krossviði á tveimur tréhælum með áföstu skilti á duftgrafir. Umsjónarmaður kirkjugarðanna og starfsmenn hans skulu veita aðstandendum leiðbeiningar varðandi reglur þessar sé þess óskað. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að færa uppsetningu minnismerkja til samræmis við reglur þessar eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minnismerki til réttis horfs. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka framkvæmdum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað sem hlýst af tilfærslu legsteina sem ekki eru settir upp í samræmi við reglur þessar.

II. KAFLI Kistugrafstæði.

5. gr.

Umsjónarmaður kirkjugarðanna markar grafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Heimilt er að jarðsetja duftker í kistugrafstæði sem þegar hefur verið jarðsett í.

6. gr.

Hámarksbreidd legsteins á einfalt grafstæði er 0,8 metrar, að meðtöldum undirsteini, en 1,8 metrar ef legsteinn nær yfir tvö grafstæði. Nái legsteinn yfir fleiri en tvö grafstæði, skal þess gætt að steinninn fari ekki nær næstu grafstæðum til hvorrar handar en nemur 0,3 metrum. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðar er 1,7 metrar.

Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta. Til stuðnings legsteinum sem eru 1,4 metrar eða hærri er skylt að setja platta. Skal þykkt plattans vera a.m.k. 10 sentimetrar, sem næst ferhyrndur, og skal hlutfallsleg stærð hans samsvara 0,5 fermetrum á hvern metra af hæð legsteinsins. Standi legsteinn á platta skal staðsetja legsteininn sem næst miðju plattans.

7. gr.

Skylt er að hafa jarðvegsskipti undir legstein. Skal grafa 0,45 metra undir jarðvegryfirborð fyrir legstein og a.m.k. 0,2 metra út fyrir undirstöðu legsteins á alla kanta. Eftir að legsteini hefur verið komið fyrir skal leggja að frostfrítt efni og þjappa vel að legsteininum. Sömu aðferð skal beitt ef undirstaða legsteins er platti.

III. KAFLI Duftgrafstæði.

8. gr.

Umsjónarmaður kirkjugarðanna markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis.

Legsteinar á duftgrafstæðum skulu einkum vera púltsteinar. Staðsetja skal púltstein fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlið. Einnig er heimilt að setja náttúrustein eða steyptan púltstein með steyptri málmplötu á duftgrafstæði, enda liggja hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar. Ef náttúrusteinn er þykkari en 0,2 metrar skal þess gætt við uppsetningu að hæð frá yfirborði sé í samræmi við reglur. Einfalt duftgrafstæði er að lágmarki 0,75 x 0,75 metrar, tvöfalt duftgrafstæði er 0,75 x 1,5 metrar og fjórfalt duftgrafstæði er 1,5 x 1,5 metrar. Í duftreitum gildir sú regla að á einföldum duftgrafstæðum mega púltsteinar vera allt að 0,5 x 0,5 x 0,2/0,1 metrar. Á tvöfalt duftgrafstæði er heimilt að setja lengri gerð púltsteins sem er 0,5 x 1,0 x 0,2/0,1 metrar að stærð. Ef um þrefalt eða fjórfalt duftgrafstæði er að ræða þurfa púltsteinar að vera tveir eða fleiri. Einnig er heimilt að setja náttúrustein á duftgrafstæði enda liggja hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar.

Leyfilegt er að hafa kross eða önnur trúartákn á duftreit. Hámarksstærð er 0,5 metrar á hæð, mælt frá jarðvegryfirborði, að öllu meðtöldu, 0,5 metrar að breidd og 0,1 metri að dýpt.

Hámarksstærð legsteins á einföldu duftgrafstæði er 0,5 metrar á hæð, 0,5 metrar á breidd og 0,2 metrar á dýpt. Heimilt er að setja legstein sem er allt að 0,5 metrar á hæð, 1,0 metri á breidd og 0,2 metrar á dýpt á tvöfalt duftgrafstæði. Ef um þrefalt eða fjórfalt duftgrafstæði er að ræða þurfa legsteinar að vera tveir eða fleiri.

IV. KAFLI Almenn ákvæði.

9. gr.

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minnismarki. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum fúavörðum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er 1,3 metrar frá jörðu, en 0,5 metrar á duftgrafstæði.

10. gr.

Öll samskeyti á legsteinum eiga að vera límd saman með viðurkenndu límefni. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærri en 0,8 metrar skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir límast inn í steinhlutina með tveggja þátta steinlími.

11. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismarki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Vandamönnum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og samráð haft við prófast Kjalarnessprófastsdæmis sé þess þörf.

12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

13. gr.

Í sérstökum tilvikum getur kirkjugarðsstjórn heimilað aðrar gerðir minnismarkja en kveðið er á um í reglum þessum.

14. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna má skjóta þeim málum til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli tillagna stjórnar kirkjugarða Keflavíkur með heimild í 51. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytinu, 28. júní 2019.

F. h. r.

Berglind Bára Sigurjónsdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.